


☒ Re: Fw: Sveitarfélagið Skagafjörður - Deiliskipulag íbúðarreitur Freyjugata 25 Sauðárkóki

Búið til	3.4.2020 15:27:10
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	3.4.2020 15:27:08
Tilheyrir	 202002-0033 - Sveitarfélagið Skagafjörður - Deiliskipulag íbúðarreitur Freyjugata 25 Sauðárkóki

Efni

Re: Fw: Sveitarfélagið Skagafjörður - Deiliskipulag íbúðarreitur Freyjugata 25 Sauðárkóki

Upplýsingar

Sent	3.4.2020 15:27:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	jobbygg@skagafjordur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 2020020033 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá sveitarfélaginu Skagafjörður þar sem kynnt er tillaga að breytingu á deiliskiplagi fyrir íbúðareit milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkóki. Náttúrufræðistofnun telur að framangreind tillaga sé á svæði sem er utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar sbr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd auk þess sem umrætt svæði er þegar byggt/raskað og innan þéttbýliskjarna. Stofnunin gerir því ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: Jón Ö. Berndsen <jobygg@skagafjordur.is>
To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "hnv@hmv.is" <hmv@hmv.is>, "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>, "skv@skv.is" <skv@skv.is>
Date: 02/18/2020 12:48 PM
Subject: Sveitarfélagið Skagafjörður - Deiliskipulag íbúðarreitur Freyjugata 25 Sauðárkróki

Ágæti viðtakandi

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 11. febrúar 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi íbúðareits milli Sæmundargötu, Ránarstígs og Freyjugötu á Sauðárkróki í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan hefur fengið meðferð í samræmi við 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Stærð skipulagssvæðisins, sem er lóðin Freyjugata 25, er 6.760 m². Fyrirhugað er að breyta gamla skólahúsinu á lóðinni í fjölbýlishús með 11 íbúðum. Jafnframt að skipta lóðinni upp í fjóra hluta, þannig að auk lóðar undir fjölbýlishúsið verði skilgreindar þrjár nýjar lóðir. Tvær lóðir fyrir parhús við Freyjugötu og ein lóð fyrir parhús við Ránarstíg. Deiliskipulagssvæðið/reiturinn afmarkast af Freyjugötu í vestri, Ránarstíg í suðri, Sæmundargötu í austri og af íbúðarhúsalóðum við Knarrarstíg í norðri.

Tillagan liggur frammi í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Skagafjarðar frá og með fimmtudegi 20. febrúar 2020 til og með 3. apríl 2020. Þá verður deiliskipulagstillagan aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar <https://www.skagafjordur.is/is/thjonusta/umhverfis-og-skipulagsmal/byggingafulltrui/auglysingar-um-skipulagsmal> (<https://www.skagafjordur.is/is/thjonusta/umhverfis-og-skipulagsmal/byggingafulltrui/auglysingar-um-skipulagsmal>).

Athugasemdir eða ábendingar við deiliskipulagstillöguna skulu vera skriflegar.

Þær skulu berast í síðasta lagi 3. apríl 2020 til skipulagsfulltrúa í Ráðhúsið Skagfirðingabraut 17-19 eða á netfangið: jobygg@skagafjordur.is (<mailto:jobygg@skagafjordur.is>).

Meðfylgjandi er deiliskipulagstillagan

Með kveðju
Virðingarfyllst



Með kveðju
Jón Örn Berndsen
Skipulagsfulltrúi
jobygg@skagafjordur.is
sími 455-6000

Viðhengi

ATT00001.png (6 KB)

image001.gif (2 KB)

Freyjugata 25 deiliskipulag - tillaga.pdf (2 MB)

image001.gif (2 KB)